

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði Jón Ívarsson á að vera sýkn af kærum hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum greiðist af almannaþje, þar með talin málsfærslulaun til hins skipaða sóknara og svaramanns, málaflutningsmannanna Guðlaugs Guðmundssonar og Páls Briem, 10 kr. til hvors.

Nr. 42/1889

Hið opinbera

gegn

Þóroddi Guðmundssyni.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir lögreglurjetti Gullbringu- og Kjósarsýslu gegn Þóroddi Guðmundssyni, og hann dæmdur fyrir leyfislausu lausamennsku í 20 kr. sekt og til þess að greiða 1 hundrað á landsvísu, eða 64 kr. 63 a., er hvorttveggja skyldi renna til helminga til hreppstjórans í Bessastadahreppi og til fátækra sjóds nefnds hrepps. Loks er hann dæmdur til að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað. Lögreglurjettardóminum, er upp var kveðinn 9. marzm. þ. á., hefur verið skotið til yfirdómsins eptir beiðni hins kærða.

Hreppsnefndin í Bessastadahreppi hafði kært sakborning fyrir sýslumanni fyrir það, að hann mundi vera í ólöglegri stöðu. Tók sýslumaður hann því undir próf. Í prófinu sannaðist það eitt, að hinn kærði var til sjóróðra í Sveinskoti á Álptanesi, að hann ætti heima í Stóra-Saurbæ í Ölfusi, og að hann hefði verið vistlaus frá vinnuhjúaskildaga það ár. En það var alls

ekki grennslast eptir, því síður upplýst, hversvegna hann var vistlaus, eða hvort hann hefði beðið hreppstjóra eða sýslumann að útvega sjer vist, sbr. 8. gr. tilsk. 26. maí 1863, en á hinn bóginn hefur talsmaður hans fyrir yfirdómi staðhæft, að hann hafi verið vistráðinn, en orðið af vistráðunum annaðhvort fyrir vistrof eða dauðsfall þess, er hann var ráðinn hjá, og að hann því hafi farið til foreldra sinna eða móður, og er þessu ekki mótmælt af sóknaranum. Með því að þannig vantar áreiðanlega skýrslu um atvik í málinu, sem sýkna eða sakfelli hins kærða beinlínis er undir komið, verður að fella lögreglurjettardóminn úr gildi og dæma málskostnað fyrir báðum dómum, þar á meðal málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, af almannaþje.

Á uppsögn dómsins í hjerði hefur orðið ótilhlýðilega langur dráttur, en þótt undirdómarinn hafi ekki fyllilega rjettlætt drátt þenna, virðist þó ekki alveg næg ástæða til að láta hann sæta ábyrgð fyrir. Fyrir yfirdómi hefur málið verið löglega flutt.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur er úr gildi felldur. Málskostnaður fyrir báðum dómum, þar á meðal málflytningslaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Páls Briem og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannaþje.